# Gæðakröfur til hrámjólkur frá mjólkurframleiðendum

## GÆÐAKRÖFUR 2012

Opinberar kröfur um gæði hrámjólkur hafa verið óbreyttar frá 1. febrúar 2010. Flokkun vegna frírra fitusýra hafði fyrst áhrif á greiðslur vegna A-mjólkur frá og með 1. janúar 2011. Samantekt á reglum um flokkun mjólkur, verðfellingar og verðbætur vegna gæðaþátta 2012 koma fram í eftirfarandi töflu:

Flokkunarmörk, verðfellingar og A-greiðslur vegna hrámjólkur eru skv. eftirfarandi töflu frá 1. febrúar 2010:

| Gæðaþáttur | Rannsóknartíðni | Flokkar | Mörk | Umbun og skerðing í % af afurðastöðvaverði |
|---|---|---|---|---|
| **Frumutala** *1000 frumur/ml* | 1 sinni í viku, reiknast af faldmeðaltali mánaðar[1] | 1A | - 220 | + 2% [2] |
| | | 1 | 221 - 400 | 0 |
| | | 2 | 401 - 500 | -5% |
| | | 3 | 501 - | -18% [3] |
| **Líftala, Bactocan** *1000 einingar/ml* | 1 sinni í viku, einstök mæling gildir [4] | 1A | - 25 | + 2% [2] |
| | | 1 | 26 - 200 | 0 |
| | | 2 | 201 - 400 | -16% |
| | | 3 | 401 - 3000 | -36% |
| | | 4 | 3001 - | -60% |
| **Lyfjaleifar** [5] | A.m.k. 1 sinni í mánuði | 1A | Verður að standast kröfur um 1. fl. | + 2% [2] |
| | | 1 | Engar mælanlegar leyfar | 0 |
| | | 2 | Mælanlegar leyfar | -60% |
| **Hitaþolin líftala** [6] *1000, einingar/ml* | Eftir þörfum | 1A | Verður að standast kröfur um 1. fl. | + 2% [2] |
| | | 1 | - 5 | 0 |
| | | 2 | 6 - 25 | 0 |
| | | 3 | 26 - | 0 |
| **Kuldaþolin líftala** [6] *1000 einingar/ml* | Eftir þörfum | 1A | Verður að standast kröfur um 1. fl. | + 2% [2] |
| | | 1 | - 25 | 0 |
| | | 2 | 26 - 100 | 0 |
| | | 3 | 101 - | 0 |
| **Líftala loftfælinna dvalargróa** [6] | Eftir þörfum | 1A | Verður að standast kröfur um 1. fl. | + 2% [2] |
| | | 1 | Enginn vöxtur | 0 |
| | | 2 | Vöxtur eftir 48-72 klst | 0 |
| | | 3 | Vöxtur á fyrstu 48 klst | 0 |
| **Lykt og bragð** [6] | Eftir þörfum | 1A | Verður að standast kröfur um 1. fl. | + 2% [2] |
| | | 1 | Engin prufa með lyktar-/bragðgalla | 0 |
| | | 2 | Greinilegur lyktar-/bragðgalli | 0 |
| | | 3 | Áberandi lyktar-/bragðgalli | 0 |
| Fríar fitusýrur[7] | 1 sinni í viku, reiknast af faldmeðaltali mánaðar | 1A | Verður að standast kröfur um 1. fl. | + 2% [2] |
| | | 1 | - 1,1 | 0 |
| | | 2 | 1,2 - 1,8 | -5% |
| | | 3 | 1,9 - | -15% |

[1] Reiknað er þriggja mánaða meðaltal vegna lágmarkskrafna en mánaðarmeðaltal vegna flokkunar.
[2] Innvigtuð mjólk mánaðarins er A mjólk svo fremi að hún standist allar kröfur um 1A.
[3] 18% (m.v. afurðast.verð) að jafnaði en ef flokkun verður þrjá mánuði í röð í 3. flokk þá verður verðskerðing fyrir þriðja mánuðinn 36% og ef flokkun verður fjóra mánuði í röð eða oftar í 3. flokk þá verðskerðist fjórði mánuðurinn og þeir mánuðir sem þar koma á eftir í þriðja flokki um 54%.
[4] Einstök mæling gildir og verðfelling er miðuð við innlegg viðkomandi viku. Ef fleiri en ein reglubundin mæling er gerð í viðkomandi viku þá gildir lakari mælingin. Fyrir flokkun í A-mjólk er reiknað beint meðaltal mánaðarins.
[5] Ef lyfjaleifar mælast i mjólk frá framleiðanda þá er innleggið ekki skráð í mjólkurstöð auk þess sem innlegg viðkomandi viku er verðfellt um 60% af afurðastöðvaverði.
[6] Þar sem þessar mælingar eru gerðar.
[7] Ný flokkun frá 1. ferbúar 2010 einungis notuð til ráðgjafar til 31. desember 2010 en þá taka verðskerðingar gildi.